

Nd.

221. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

Frá allsherjarnefnd.

Með lögum nr. 73 7. maí 1940 ákvað Alþingi, að greiða skyldi verðlagsuppbót á slysabætur, ellilaun og örorkubætur á árinu 1940. Skyldi lífeyrissjóður greiða uppbót þessa vegna ellitrygginganna, en fá hana endurgreidda úr ríkissjóði.

27. ágúst sama ár gaf svo ríkisstjórnin út bráðabirgðalög, þar sem ákveðið var, að lögin frá 7. maí skyldu vera í gildi meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, en uppbótin á greiðslu lífeyrissjóðs ákveðin þannig, að greiðslan skuli vera 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. alþýðutryggingalaganna. En 30% eru nærri því að vera sá hundradshluti af heildarupphæðinni, sem lífeyrissjóður undanfarið hefur greitt að jafnaði, en þó ívið hærri. Og með því að hægðarauki er að því að ákveða hlutfallið þannig, getur nefndin fallizt á þetta nýmæli bráðabirgðalaganna.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér staðfesting fyrrnefndra bráðabirgðalaga.

Meðan nefndin hafði frv. til meðferðar, komu félagsmálaráðherra og forstjóri tryggingarstofnunar ríkisins á fund nefndarinnar og ræddu við hana um málið. Niðurstaða þessara viðræðna var sú, að nefndin ákvað að bera fram nokkru viðtækari

bráðabirgðabreytingar á alþýðutryggingalögunum en í frv. felast og breyta af þeim ástæðum að nokkru efnisniðurstöðum frv.

Samkvæmt þessum breytingum, sem nefndin mælir með, hækka persónuþjóföld til lífeyrissjóðs og hámarksframlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga í samræmi við vísitölu verðlagsnefndar. Er þetta, eins og ákvæði bráðabirgðalaganna, í samræmi við þá almennu verðlagsbreytingu, sem orðið hefur í landinu og Alþingi hefur þegar orðið að taka tillit til á ýmsum sviðum. Enn fremur er lagt til, að breytt verði skilyrðum til að njóta hlunninda í sjúkrasamlagi og útreikningi iðgjalds af skattskyldum tekjum til lífeyrissjóðs í samræmi við verðlagsbreytinguna.

Hækkun á framlagi ríkisins til sjúkrasamlaganna samkv. þessum tillögum nemur ca. 130 þús. kr., miðað við núverandi ástand, og greiðslan til lífeyrissjóðs vegna ellilauna verður á þessu ári ca. 185 þús. kr. samkv. úthlutun þeirri, sem gerð hefur verið, en þá greiðslu er, eins og áður var fram tekið, þegar búið að lögfesta.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

- Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:

 - slysaftryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppbætur á dagpeninga, dánarbætur og örorkubætur til slysaftryggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
 - hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsg. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.
 - lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þrjátíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
 - innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aurum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aurum eða meiru.
 - tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsg. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkrasamlagshlunninda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðast við umreiknaðar hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.
 - einn af hundraði samkv. 49. gr. 2. tölul. reiknast af umreiknuðum hreinum tekjum, að frádregnum persónufrádrætti, sbr. e-lið.
- Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram $\frac{3}{4}$ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.
- Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.
- Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Alþingi, 18. apríl 1941.

Bergur Jónsson,	Vilm. Jónsson,	Gísli Guðmundsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Garðar Þorsteinsson.	Jóh. G. Möller.	

Fylgiskjal I.**Sjúkrasamlagsiðgjöld í janúar 1941.**

	Meðlimatala	lögj. jan. '41	Ársframlag ríkisins skv. 1. gr. b.	Hækkun ársframlags ríkisins
Reykjavík	21000	5.50	15.00	5.00
Hafnarfjörður	2100	4.50	13.50	3.50
Ísafjörður	1600	4.00	12.00	2.00
Siglufjörður	1600	4.00	12.00	2.00
Akureyri	3100	4.00	12.00	2.00
Seyðisfjörður	500	3.00	9.00	
Neskaupstaður	500	3.00	9.00	
Vestmannaeyjar	1900	4.50	13.50	3.50

Annars staðar Akranes hæst 3 kr. á mánuði. Fljótshlíð lægst 8 kr. á ári.
Núverandi hámark ríkisframlagsins er 10 kr. pr. meðlim á ári.

Fylgiskjal II.**Ellilaun og örorkubætur 1940 og 1941.**

Sbr. 80. gr. laga um alþýðutryggingar.

		1940.		1941.	
I. fl.	Sveit.fél.	114000			
	Vextir	85300			
	Trygg.st.	99700			
				299000	
II. fl.	Sveit.fél.	1172000	(979+193)		
	Trygg.st.	374000	(314+ 60)	1546000	1845000
I. fl.	Sveit.fél.	113000			
	Vextir	84000			
	Trygg.st.	103000			
				300000	
II. fl.	Sveit.fél.	1251000			
	Trygg.st.	502000		1753000	2053000
		1940.		1941.	
	Sveit.fél.	1286000		1364000	
	Vextir	85300		84000	
	Trygg.st.	413700		ca. 420000	
	Ríkissj.	60000		ca. 185000	
		Kr. 1845000		ca. Kr. 2053000	

Samkv. núgildandi lögum eru heildariðgjöld til lífeyrissjóðs áætluð ca. 800 þús.
kr., þar af ca. 50% persónuðgjöld og ca. 50% tekjuskattur.